

## Breiðamerkursandur

Svæði það sem skilur að Suðursveit og Öraefi heitir **Breiðamerkursandur** (1), milli bæja er hann 27 km. Nokkuð er hann farinn að gróa upp; nokkuð austan hreppamarka rennur Jökulsá til sjávar, er hún ein stysta og vatnsmesta á landsins, er nú líkari vog en á. Vestan hennar er svæði sem nefnt er Nýgræður. Þetta svæði er afréttarland frá Fagurhólsmýri I. og Hnappavöllum III, sem eiga hlutdeild í Felli í Suðursveit.

Nú höldum við vestur frá þessu og komum þá að **Breiðá** (2). Vestan hennar er svæði sem heitir **Breiðamörk** (3) eða Breiðármörk; bendir nafnið á að hér hafi verið skóglendi áður fyrr, þetta er milli Fjallslands sem fyrr var og sveitarmarkanna austast og er eign Hofskirkju. Þar upp við jökul hefur býlið Breiðá verið, sem fór undir jökul í upphafi 18. aldar. Þar var sr. Gísli Finnbogason síðastur. Hér upp af er svo **Breiðamerkurjökull** (4). Þar gæti verið rannsóknarefni hvort þetta á ekki allt að vera Breiðá, Breiðármörk, Breiðármerkurjökull o.s.frv. Sandurinn er að gróa upp og færirst til á honum gróðurlendið. Vestan við Breiðá eru **Eystri-Nýgræður** (5) og **Heimri-Nýgræður** (6). Upp af þeim heita **Nýgræðnaöldur** (7), þetta eru jökulöldur. Þar upp af var **Rönd** (8), grjótrönd með grastorfu sem lá eftir jöklinum frá Esjufjöllum. En mun nú horfin. Undir Breiðárjökli er melalda, **Hálfðánaralda** (9). Þetta er nýtt nafn, er kennd við Hálfðán Einar Jónsson frá Smyrlabjörgum sem drukknaði í vatni bak við hana 10. júlí 1913.

Ef farið er niður að sjó, þá er austast **Fellsfjara** (10), svo er **Breiðamerkurfjara** (11). **Hvalhnausar** (12), sem var nefnt **Grjótfjara** (13) fram á 19. öld. Vestan þessa er svo **Breiðamerkurós** (14). Nýgræðukvíslar voru eitt sinn til, eru nú horfnar og rennur fram í Jökulsá meðfram jöklinum. Upp við jökul milli Breiðár og Fjallsár heitir **Krókur** (15) og nyrst í Króknum heita **Króksöldur** (16). Þá er komið að **Fjallsá** (17). Hún fellur í sama ósinn og Breiðá, en þar upp við jökulinn er lón sem heitir **Fjallsárlón** (18). Í Breiðamerkurlóni er á mörkum móti Kvískerjum **Markeyri** (19) og **Fjallsfjara** (20) er þá næst Kvískerjafjöru; merkin þar á milli er Miðaftanstindur, ber í skarð í Eyðnatindi í Breiðamerkurfjalli.

Um þetta svæði og býlið Breiðá væri vel vert að athuga nánar.

**Stafrófsskrá örnefna**

Breiðamerkurfjara 11  
Breiðamerkurjökull 4  
Breiðamerkurós 14  
Breiðamerkursandur 1  
Breiðamörk 3  
Breiðá 2  
Fellsfjara 10  
Fjallsá 17  
Fjallsfjara 20  
Fjallsárlón 18  
Grjótfjara 13  
Hálfðánaralda 9  
Hvalhnausaaur 12  
Króksalda 16  
Krókur 15  
Markeyri 19  
Nýgræðnaöldur 7  
Nýgræður heimri 6  
Nýgræður vestri 5  
Rönd 8